

Erindisbréf umhverfisnefndar

1. gr.

Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir beint undir bæjarstjórn. Deildarstjóri framkvæmda- og tæknideildar starfar með nefndinni.

Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verksviði nefndarinnar: Umhverfisdeild.

2. gr.

Skipan nefndarinnar

Í umhverfisnefnd eiga sæti fimm fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Árborgar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar en á fyrsta fundi sínum kýs hún varaformann.

Auk kjörinna nefndarmanna og deildarstjóra framkvæmda- og tæknideildar eiga sviðsstjóri Mannvirkja- og umhverfissviðs og bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Einnig er heimilt að kalla til aðra starfsmenn Mannvirkja- og umhverfissviðs þegar fjallað er um mál er viðkomandi starfsmaður hefur haft með að gera.

3. gr.

Hlutverk

Umhverfisnefnd hefur faglega umsjón með viðhaldi opinna svæða, hreinlætismálum og sorphirðu, umhverfi leiksvæða, tjaldsvæðum, garðyrkjumálum, dýraeftirliti og landbúnaðarmálum. Gerð leigusamninga um jarðir sveitarfélagsins og umsjón með samningunum er hjá stjórnslusviði. Umhverfisnefnd skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir starfi innan ramma laga, reglugerða og samþykpta á hverjum tíma.

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um gilda um málaflokkana

Helstu hlutverk nefndarinnar eru:

- a) að fara með yfirstjórn hreinlætismála.
- b) að tryggja lögbundna sorphirðu frá heimilum.
- c) að stuðla að umhverfisvænum lausnum í úrgangsstjórnun.
- d) að hlutast til um árstíðabundin hreinsunarverkefni.
- e) að tryggja að meindýravarnir séu í góðu horfi.
- f) að hafa eftirlit með að samþykktir um hunda og kattahald í sveitarfélaginu sé framfylgt.
- g) að hafa umsjón og eftirlit með landbúnaðarmálum samkvæmt lögum um afréttar málefni, fjallskil o.fl. og fjallskilareglugerð.
- h) að hafa umsjón og eftirlit með náttúruvernd, skógrækt og landgræðslu skv. náttúruverndarlögum og lögum um landgræðslu.
- i) að hafa umsjón með árlegu vali og veitingu viðurkenninga til fyrirtækja og einstaklinga fyrir fallett umhverfi.
- j) að hafa umsjón með skipulagi og almennri fegrun opinna svæða í bæjarfélaginu.
- k) að hafa eftirlit með almennri umhirðu og sorphirðu í sveitarfélaginu.

- l) að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.
- m) að sjá til að rekstur tjaldsvæða í eigu sveitarfélagsins sé í góðu horfi.
- n) að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um umhverfismál og eftir atvikum að veita umsögn um skipulagsáætlanir og verklegar framkvæmdir.
- o) að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum sem gilda um umhverfismál hverju sinni.
- p) að annast þau störf sem gróðurverndarnefndum eru falin samkvæmt lögum um landgræðslu.
- q) að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið og úrbætur á sviði umhverfismála og stuðla að kynningu til almennings og fyrirtækja um málefni sem eru á verksviði nefndarinnar.
- r) að stuðla að fegrun sveitarfélagsins og snyrtilegri umgengni. Stjórnin veitir árlega viðurkenningu aðilum sem skara fram úr hvað varðar snyrtimennsku og umhirðu lóða eða á öðrum sviðum umhverfisverndar.

4. gr.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í samþykktum um stjórn og fundarsköp Árborgar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Umhverfisnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við deildarstjóra framkvæmda- og tæknideildar.

Nefndin skal halda gerðabók fyrir fundargerðir. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Trúnaðarmál skal færa í sérstaka gerðabók, trúnaðarbók. Heimilt er að færa fundargerð nefndarinnar beint í tölvu, samanber samþykkt um stjórn og fundarsköp Árborgar. Deildarstjóri framkvæmda- og tæknideildar hefur umsjón með ritvinnslu fundargerðar og sér um að fundarmönnum sé sent afrit af fundargerð nefndarinnar.

Formaður sér um boðun funda í samráði við deildarstjóra framkvæmda- og tæknideildar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Nefndinni er heimilt að ákveða að fundir verði boðaðir með rafrænum hætti.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

5. gr.

Eftirfylgni

Formaður og aðrir fulltrúar umhverfisnefndar skulu snúa sér til deildarstjóra framkvæmda- og tæknideildar með eftirfylgni staðfesta samþykkt nefndarinnar. Þurfi frekari eftirfylgni við snúa fulltrúar sér til bæjarstjóra.

6. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa umhverfisnefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Árborgar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Hann skal láta formann og deildarstjóra framkvæmda- og tæknideildar vita um forföll með góðum fyrirvara og boða staðgengil sinn.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns og deildarstjóra framkvæmda- og tæknideildar a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni og eru atkvæðisbærir fundarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Árborgar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fundarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti.

7. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulaga og samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Árborgar.

Með samþykkt erindisbréfs þessa eru felld úr gildi erindisbréf framkvæmda- og veitustjórnar, dags. 20. 02. 2013, samþykkt í bæjarstjórn Árborgar sama dag.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Árborgar og tekur gildi xxxxxxxxxx 2019

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri